



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 18. október 2019

Tilvísun: 201909-0770

### **Efni: Athugasemdir við þingsályktunartillögu**


Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu, 7. mál.

Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í greinagerð með tillögunni að mjög mikilvægt sé að gagnkvæmt traust ríki á milli lögreglunnar og borgaranna. Jafnframt er mikilvægt að fyrirkomulag og ferill mála er varðar kærur og kvartanir á hendur lögreglu sé með þeim hætti að almennri borgarar og starfsmenn lögreglu beri traust til kerfisins.

Frá árinu 2016 hefur héraðssaksóknari rannsakað meint refsiverð brot starfsmanna lögreglu í tengslum við störf þeirra. Tveir lögregluþjónar hjá embættinu hafa sinnt þessum málum undir stjórn yfirlögregluþjóns og ákæranda. Þá hafa tveir ákærendur fyrst og fremst sinnt ákærumeðferð þessara mála. Héraðssaksóknari sinnir auk þessa málaflokks rannsókn á valdstjórnarbrotum sem í langflestum tilvikum beinast að lögreglumönnum. Oft kemur sú staða upp að embættið rannsakar meint brot lögreglu í starfi og meint brot gegn lögreglumönnum í tengslum við sama tilvik. Þá fer embættið með ákærvald í alvarlegum hegningarlaga brotum og eru lögreglumenn oft vitni ákærvaldsins í þeim málum. Það má þannig taka undir þau sjónarmið sem fram koma í greinagerð með þingsályktunartillögunni að núverandi fyrirkomulag þessara mála sé ekki alls kostar heppilegt.

Hins vegar skiptir mjög miklu máli að vandað sé til verka þegar gerðar eru grundvallarbreytingar á rannsókn og saksókn sakamála. Héraðssaksóknari bendir því á að verði ákveðið að gera breytingar á fyrirkomulagi þessa málaflokks þurfi að undirbúa þær mjög vel. Sérstaklega þarf að skoða hvaða hæfniskröfur gera eigi til þeirra sem rannsaki þessi mál og þá hvort útiloka eigi þá sem hafa reynslu af rannsókn sakamála eða ekki. Eins þarf að vega vel og meta kosti þess að ákærvald í málaflokknum verði hjá sérstakri stofnun eða ekki.

Embætti héraðssaksóknara

  
Kolbrún Benediktsdóttir, vara héraðssaksóknari

